



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

30. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 5. nóvember 2013 kl. 8.30 f.h.

Fundinn sátu:

Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Benedikt Gústavsson, varaformaður fulltrúi sveitarstjórnar

Hugrún Sigurðardóttir fulltrúi sveitarstjórnar

Sigmar Ólafsson skólastjóri

Anna Margrét Sigurðardóttir fulltrúi grunnskóladeildar

Erla Baldursdóttir fulltrúi leikskóladeildar

Dagný Davíðsdóttir fulltrúi foreldra

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Staða mála í sérfræðipjónustu skólamála.

Á fundinn mætti Gunnar Þorgeirsson, oddviti til að fara yfir stöðu mála í sérfræðipjónustu skólamála. Þann 17. september s.l. var haldinn fundur með formönnum fræðslu/skólanefnda vegna sérfræðipjónustu í skólamálum. Gunnar Þorgeirsson fór fyrir hönd fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps í forföllum formanns og varaformanns. Gunnar sagði frá því helsta sem fram fór á fundinum og því sem vinnuhópurinn er búinn að gera eftir fundinn þann 17. september s.l. Sýndi meðal annars skipurit, starfslýsingar og fleira.

2. Stefna skólans gagnvart spjaldtölvum.

Sigmar fór yfir stöðuna í spjaldtölvu málum og er búinn að kaupa fjórar spjaldtölvur fyrir kennara til að læra á. Fulltrúi frá Nýherja kom til að kynna hvað er á markaðnum og að kennarar þyrftu að læra á spjaldtölvurnar til að geta notað þær við kennslu hjá nemendum. Fulltrúi Nýherja er búinn að setja þetta upp hjá öðrum skólum og mælir með að kennarar fari á námskeið til að geta kennt á spjaldtölvurnar. Fræðslunefnd leggur til að sveitarstjórn kaupi spjaldtölvur fyrir þá kennara sem ekki eru búnir að fá spjaldtölvur og að 10 spjaldtölvur verði keyptar fyrir skólaárið 2014-2015 fyrir nemendur.

3. Fundargerð skólaráðs.

Fundur skólaráðs var haldinn fimmtudaginn 10. október s.l. Fram kom ósk frá nemendum að þeir geti farið á netið í símunum sínum í skólanum. Fræðslunefnd ræddi málið og er það vilji fræðslunefndar að það verði ekki leyft. Einnig kom fram ósk frá nemendum um að hamborgarar yrðu í matinn í mótuneytinu, t.d. í annað hvert skipti á móti pizzum. Skólastjóra falið að ræða við matráð. Að lokum kom ósk frá nemendum um að ekki yrði gæsla í búningsklefum í íþróttum og sundi. Fræðslunefnd telur nauðsynlegt að gæsla sé í búningsklefum á skólatíma og er skólastjóra falið að ræða við starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar um betri útfærslu á gæslunni.



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Fjárhagsáætlun skólans.

Sveitarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun sveitarsjóðs næsta fjárhagsár er varðar skólann og skólamál. Einnig var farið yfir stöðu fjárhagsársins 2013.

5. Staðan með nýju skólabygginguna.

Guðný fór yfir hverju væri lokið og hvað væri eftir í nýju skólabyggingunni. Nemendur grunnskóladeildar fengu að skoða bygginguna fyrir nokkru og leist nokkuð vel á. Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar að hraða frekar framkvæmdum eins og mögulegt er.

6. Önnur mál.

a) Stundatafla grunnskóladeildar.

Óánægja hefur myndast innan starfsmannahóps grunnskóladeildar vegna þess að fræðslunefnd tók fyrir ójafnvægi í stundartöflu þetta skólaárið en hefur ekki gert það áður þegar sumar greinar hafi ekki fengið nægan tíma innan stundatöflunnar. Fleiri tímar eru kenndir í dönsku þetta skólaár en seinustu ár vegna leiðréttingar. Þar sem ekki hafa verið gerðar athugasemdir áður við stundatöfluna þó kenndar hafi verið of margar kennslustundir í öðrum greinum ákvað fræðslunefnd að framvegis verði stundaskráin lögð fyrir fræðslunefnd til yfirferðar.

b) Kaup á sundlaug og núverandi skólahúsnæði.

Sveitarstjóri sagði frá kaupum sveitarfélagsins á eignum sínum úr Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf., íþróttamiðstöð, grunnskóli og stjórnsýsluhús eru þær eignir sem umræðir.

c) Foreldrafélag.

Skólastjóri gerir athugasemdir við að formaður foreldrafélagsins sé starfsmaður skólans og telur að það fari ekki saman að starfsmenn skólans séu í forsvari fyrir foreldrafélagið. Skólastjóri mun leita upplýsinga um hvort það samræmist reglum.

d) Kennslufyrirkomulag.

Mikil áhersla er lögð á samfellu í skólastarfi, þ.e. úr leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla. Kvartað hefur verið undan því að ekki sé samfella í skólastarfinu þegar börn í Kerhólsskóla fara í Bláskógaskóla. Formanni fræðslunefndar er falið að ræða þessi mál við fræðslunefnd Bláskógabyggðar og Bláskógaskóla.

e) Næsti fundur.

Áætlað er að næsti fundur fræðslunefndar verði mánudaginn 25. nóvember kl. 8:30 í fundarsal sveitarstjórnar á Borg.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 11:15